

Reykjavík, janúar 2014

MEXT - Styrkur til náms í Japan (grunnám á háskólastigi í japönskum fræðum)

Ríkisstjórn og menntamálaráðuneyti Japans (MEXT) bjóða fram styrk handa íslenskum ríkisborgurum til grunnnáms á háskólastigi í japönsku og japönskum fræðum.

Styrkurinn er veittur í allt að eitt ár frá október 2014 og felur í sér flugferðir báðar leiðir, skólagjöld og mánaðarlegar styrkgreiðslur. Samkvæmt fjárlögum frá 2013 verða mánaðarlegar styrkgreiðslur 117.000 japönsk jen (þessi fjárhæð kann að breytast.)

Til að teljast hæfir skulu umsækjendur vera í grunnnámi á háskólastigi með japönsku eða japönsk fræði sem aðalfag og vera fæddir frá 2. apríl 1984 til 1. apríl 1996. Umsækjendur skulu einnig hafa nægilega þekkingu á japönsku til þess að geta stundað nám í japönsku við japanskan háskóla.

Umsjón með forvali verður í höndum Sendiráðs Japans á Íslandi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Umsóknir þeirra sem tilnefndir eru í forvali verða síðan áframsendar til MEXT í Japan þar sem endanleg ákvörðun verður tekin.

Leiðarvísi með umsókn og eyðublöð má nálgast á eftirfarandi slóðum:

<http://www.studyjapan.go.jp/en/toj/toj0307e.html>

<http://www.is.emb-japan.go.jp/> (Undir “Scholarships”)

Umsóknum skal skila **eigi síðar en föstudaginn 7. mars 2014** til Sendiráðs Japans við Laugaveg 182, 6. hæð, 105 Reykjavík. Ekki verður tekið við umsóknum sem eru ókláraðar eða sem berast of seint. Allir umsækjendur sem teljast hæfir verða boðaðir í viðtal, auk skriflegs prófs í japönsku hjá sendiráðinu í **mars 2014**.

Allar frekari upplýsingar eru veittar hjá:

Sendiráði Japans á Íslandi

Sími: 510-8600 Fax: 510-8605

Tölvupóstur: japan@rk.mofa.go.jp

Heimasíða: <http://www.is.emb-japan.go.jp/>